

## ✉ Re: Skipulags- og matslýsing fyrir Einbúavirkjun

Búið til	10.8.2020 15:04:32
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	10.8.2020 15:04:31
Tilheyrir	📁 202007-0012 - Skipulags- og matslýsing fyrir Einbúavirkjun

### Efni

Re: Skipulags- og matslýsing fyrir Einbúavirkjun
--------------------------------------------------

### Upplýsingar

Sent	10.8.2020 15:04:31	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Pátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	gudjon@skutustadahreppur.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202007-0012 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Þingeyjarsveit, dags. 10. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna Einbúavirkjunar í Skjálfandafljóti.

Eins og kemur fram í framangreindri lýsingu fór Einbúavirkjun í mat á umhverfisáhrifum. Í lýsingunni er það svolítið óljóst hvort gerð aðal- og deiliskipulags fyrir virkjunina eigi að byggja að mestu á álitni Skipulagsstofnunar frá 31. júlí, sjá

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1567/201905011%20-%20Einb%20C3%BAavirkjun.pdf> (<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1567/201905011%20-%20Einb%20C3%BAavirkjun.pdf>), um útfærslur framkvæmdarinnar eða á nýju mati, sbr. bls. 18. Álit Skipulagsstofnunar hlýtur að vera það sem skipulag á svæðinu á fyrst og fremst að byggja á enda það niðurstaða mats á umhverfisáhrifum. Að öðru leiti virðist koma fram í lýsingunni það sem þarf að fjalla um við undirbúning skipulags fyrir Einbúavirkjun. Meðfylgjandi er einnig slóð á umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Einbúavirkjunar, sjá hér [https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/einbuavirkjun\\_i\\_skjalfandafljoti\\_frummatsskyrsla.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/einbuavirkjun_i_skjalfandafljoti_frummatsskyrsla.pdf) ([https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/einbuavirkjun\\_i\\_skjalfandafljoti\\_frummatsskyrsla.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/einbuavirkjun_i_skjalfandafljoti_frummatsskyrsla.pdf)).

Náttúrufræðistofnun áskilur sé rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

kv.

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Guðjón Vésteinsson" <gudjon@skutustadahreppur.is>  
**To:** "Skipulagsstofnun" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>; "Land.is - LAND" <land@land.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "hne@hne.is" <hne@hne.is>; "Sædis Gunnarsdóttir" <saedis@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "anr@anr.is" <anr@anr.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "Þorkell Lindberg Þórarinsson" <thorkell.lindberg@gmail.com>  
**CC:** "Helga Sveinbjörnsdóttir" <Helga@thingeyjarsveit.is>  
**Subject:** Skipulags- og matslýsing fyrir Einbúavirkjun  
**Date:** 10.7.2020 09:13:56

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar Einbúavirkjunar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. janúar 2020 að heimila Einbúavirkjun ehf. að vinna deiliskipulag á sinn kostnað af fyrirhugaðri Einbúavirkjun, 9,8 MW rennslisvirkjun í Skjálfandafhljóti. Nýtt verður um 24 m fall á um það bil 2,6 km kafla fljótsins. Reistur verður þröskuldur þvert yfir Skjálfandafhljót og vatni veitt úr Skjálfandafhljóti um 1,3 km langan aðrennslisskurð að stöðvarinntaki. Stöðvarhús verður reist skammt neðan við inntakið og þaðan verður frárennslis veitt um 1,3 km langan veg út í Skjálfandafhljót á móts við bæinn Einbúa, um 800 m neðan við ármótin við Kálfborgará. Samhliða gerð deiliskipulags þarf að breyta Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til samræmis við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð þannig að nýtt iðnaðarsvæði verður skilgreint á virkjanasvæðinu.

Þegar vinna við breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með miðvikudeginum 15. júlí 2020 til og með fimmtudeginum 6. ágúst 2020. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar:  
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulagsauglysingar>  
(<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulagsauglysingar>)

Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 6. ágúst til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: [gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is) (mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)

Bestu kveðjur



**Guðjón Vesteinsson**

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

[gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is) (mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)

[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is) (http://www.skutustadahreppur.is/)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

## Viðhengi

image001.png (27 KB)

image002.png (5 KB)

image005.jpg (26 KB)

image004.jpg (1 KB)

Lysing\_Einbúavirkjun\_ASK\_breyting\_og\_DSK.pdf (2 MB)

image003.png (4 KB)

image001.gif (2 KB)